



Dagsetning: 2023
Málsnúmer: 2011203/0.1

Til bæjarráðs / bæjarstjórnar

MINNISBLAÐ

um stjórnkerfisbreytingar

Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum 22. nóvember 2021 að bæjarráð sveitarfélagsins verði skipað sem stjórnkerfisnefnd til þess að fjalla um, endurskoða og koma með tillögur að breytingum á stjórnskipulagi, verði það niðurstaða bæjarráðs. Markmið með endurskoðuninni er að skoða hvort auka megi skilvirkni, hagkvæmni og framþróun í rekstri og starfsemi Fjarðabyggðar.

Lagt er til að safnastofnun Fjarðabyggðar verði sameinuð menningarstofu Fjarðabyggðar og verkefni minja- og skjalasafna falli undir starfsemi menningarstofu. Verkefni bókasafna færist til grunnskóla sveitarfélagsins.

Með breytingunum verða forstöðumenn bókasafna hluti af starfsfólki hvers grunnskóla og lúta stjórnun skólastjóra. Starfslýsingar þeirra taka breytingum og verða aðlagðar að starfskyldum skólastofnana. Bókasöfn verða áfram samsteypusöfn skólabókasafna og almenningsbókasafna og halda því hlutverki áfram undir stjórn skólastjóra.

Starf forstöðumanns safnastofnunar verður lagt niður en ný staða verkefnastjóra verður til í menningarstofu sem heyrir undir forstöðumann menningarstofu. Starfið felur í sér umsjón með söfnum og rekstri þeirra ásamt því að vinna að verkefnum menningarstofu.

Verkefni starfa verða frekar sundurliðuð í nýjum starfslýsingum.

Fræðslunefnd verði falið að fjalla um og ákveða fjármagn til reksturs bókasafna og skipuleggja opnunartíma og þjónustu bókasafnanna og verða gerðar breytingar á erindisbréfum nefndanna til samræmis við breytt hlutverk.

Greinargerð

Tillaga miðar að því að ná aukinni samlegð í rekstri skólabókasafna og grunnskóla en starfsemi er í öllum tilfellum í sama húsnæði. Með breytingum lýtur starfsmaður bókasafns daglegri stjórn skólastjóra hvers skóla en með því næst samhæfing og starfið nýtist að fullu í starfsemi skólans. Stjórnandi skóla getur því aðlagð starfsemi safnsins að þörfum skólans hverju sinni og nýtt það án milligöngu annarrar stofnunar. Þá sinni starfsmaður bókasafns opnun almenningsbókasafns.



Þá miðar tillagan að því að ná samlegð í starfi menningarmála með því að einn stjórnandi sé yfir menningarmálum og skipuleggi starfsemina með það að leiðarljósi að nýta starfskraft málaflokksins þvert á verkefni sem geta verið misjöfn eftir tímabilum. Stefna í menningarmálum miði að því að fella störf safna að heildarmarkmiðum og nýta söfnin með ríkum hætti í lifandi starfsemi menningar- og listalífs.

Niðurstaða

Bæjarráð Fjarðabyggðar leggur til að eftirfarandi tillögur að breytingum á stjórnskipulagi Fjarðabyggðar verði staðfestar af bæjarstjórn.

Það er mat stjórnkerfisnefndar að breytingar á skipulagi menningarmála leiði af sér meiri samhæfni og efla starfsemi. Þá hafi flutningur bókasafna til grunnskóla í för með sér betri nýtingu á safnakosti og skipulagi starfsemi sem heyri undir stjórn hvernar skólastofnunar.

Stjórnkerfisnefnd leggur til að bæjarstjóra verði falið að gera viðeigandi ráðstafanir og annast endanleg útfærsla breytinga sem leiða af ákvörðun þessari þ.m.t. tilfærslu starfa, endurskoðun starfslýsinga starfsmanna, stjórnsýslu, samþykktu, ferla, reglna og fjárhagsáætlana málaflokka sem um ræðir.

Tillagan var samþykkt af meirihluta stjórnkerfisnefndar þann 27.11.2023
Ragnar Sigurðsson kaus á móti tilögunni.

Stefán Þór Eysteinnsson

Þuríður L. Sigurðardóttir

Jóna Árný Þórðardóttir
bæjarstjóri



* Rafræn skilríki

Undirritað af: Stefán Þór Eysteinnsson

Kennitala: 1903873729

Tími: 28.11.2023 10:19

Fulgild undirritun

Undirritað með OneSign

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Þuríður Lilly Sigurðardóttir

Kennitala: 1708952909

Tími: 28.11.2023 10:40

Fulgild undirritun

Undirritað með OneSign

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Jóna Árný Þórðardóttir

Kennitala: 2705775209

Tími: 28.11.2023 13:17

Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign